

til kaupa á íbúðalánabréfum samkvæmt 2. gr. Það er skilyrði fyrir slíkri undanþágu, að lán sé ekki veitt til lengri tíma en 18 mánaða.

Nú á tryggingafélag endurkröfurétt samkvæmt 73. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 vegna ábyrgðartjóns vélknúins ökutækis og fær endurkröfufjárhæðina greidda að nokkru eða öllu leyti með vixlum og verðbréfum, er að jafnaði skulu ekki vera til lengri tíma en 10 ára, og getur þá félagsmálaráðherra veitt sams konar heimild þeirri, sem um getur í 1. málsg. r.

Tryggingafélög, sem óska eftir undanþágu samkvæmt þessari grein skulu þegar eftir lok ársfjórðungs, skila skrá um tjón þau, sem um er að ræða, tryggingaupphæðir, söluverð eða endurkröfufjárhæðir, lánsfjárhæðir og lánstíma.

4. gr.

Nú kemst tryggingafélag, sem hætt hefur útgáfu líftryggingaskirteina hér á landi í greiðsluvandræði vegna þeirra skuldbindinga, sem áður hafa verið lagðar á tryggingasjóð líftrygginga með lögum nr. 17/1964, og endurkaupir Húsnæðismálastofnun ríkisins þá íbúðalánabréf, sem tryggingasjóður líftrygginga hefur orðið að kaupa, þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en sem svarar lækkuð tryggingasjóðs líftrygginga að frádregnum afborgunum og útdregnum bréfum.

Ákvæði 3. málsg. 4. gr. laganna skulu, eftir því sem við getur átt, gilda um endurkaup bréfa samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands annast sölu íbúðalánabréfa til tryggingafélaga fyrir Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Hafi Húsnæðismálastofnun ríkisins mismunandi tegundir verðbréfa á boðstólum, geta tryggingafélög valið þá tegund, er þau kjósa að kaupa.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 17 23. maí 1964, um ávöxtun fjár tryggingafélaga, staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1967.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Staðfesting forsetans á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Björns Eiríkssonar og Kristínar Marteinsdóttur frá Höskuldsstaðaseli í Breiðdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. desember 1967.

Breytingin er þannig:

BREYTING

2. gr. hljóði svo:

Stofnfé sjóðsins er jörðin Höskuldsstaðasel í Breiðdalshreppi samkvæmt af-sölum útgefnum af Hóseasi Björnssyni 27. júlí 1967 (7/8 af jarðeigninni) og 15. ágúst 1967 (1/8 af jarðeigninni).

Reykjavík, 27. desember 1967.